



Austan við flugstjórnarsvið Reykjavíkurlugvallar (BIRK CTR) eru lægri mörk aðflugsstjórnarsvæðis Reykjavíkur (FAXI TMA) að hluta til 2000 fet MSL.

**Ekki er heimilt að fljúga inn í aðflugsstjórnarsvæði og flugstjórnarsvið (loftrými C/D), nema flugöryggi sé ógnað, þar til heimilað af Aðflugsstjórn eða Turni eftir því sem við á.**

**Flugmenn í sjónflugi á leið til Reykjavíkur kalli Turn ekki seinna en 10 NM frá flugvelli.**

Sjónflugsmenn í brottflugi innan flugstjórnarsviðs Reykjavíkurlugvallar (BIRK CTR) sem vilja klifra upp í aðflugsstjórnarsvæðið (FAXI TMA) geta óskað eftir því við Reykjavík Turn (BIRK TWR).

Utan flugstjórnarsviðs (CTR) skulu flugmenn fá heimild hjá Aðflugsstjórn (Approach Control) áður en klifrað er upp í eða flogið inn í FAXI TMA.